

Sérkjarasamningur milli

VR annars vegar og Samtaka atvinnulífsins vegna Icelandair á Keflavíkurflugvelli hins vegar um kaup og kjör starfsfólks sem vinna vaktavinnu í farþega- og hleðsluþjónustu félagsins.

Samningur þessi er hluti af aðalkjarasamningi aðila og hefur sama gildistíma og hann.

1. Um laun

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	450.992	476.136	501.280	526.424
Eftir e. 6 mánuði	458.125	483.667	509.209	534.751
Eftir 1. ára starf	464.176	490.055	515.934	541.813
Eftir 3 ára starf	470.705	496.948	523.191	549.434
Eftir 5 ára starf	484.860	511.892	538.924	565.956

Frá gildistöku samnings þessa tekur starfsfólk, sem starfar samkvæmt samningi þessum, laun samkvæmt launatöflu VR/LÍV vegna starfsfólks í afþreyingar- og ferðaþjónustufyrirtækjum þó þannig að starfsaldur samkvæmt launatöflu miðast í öllum tilvikum við starfsaldur í því starfi sem þessi sérkjarasamningur tekur til. Komi starfsfólk til þeirra starfa úr öðru starfi innan Icelandair er starfsreynsla metin til eins árs hafi starfsfólk þegar náð þeim starfsaldri innan Icelandair.

Umsjónarmenn:

Fastráðið starfsfólk, sem gegnir starfi umsjónarmanns, skal fá greitt umsjónarálag miðað við fullt starf, vegna umsjónar með starfsþjálfun á nýju starfsfólki á vettvangi, öryggiseftirlits, gæðaeftirlits, umsjónar með tölvu- og tækjabúnaði. Sá sem sinnir starfi umsjónarmanns skal fylgjast með uppfærslum á ferlum sem og öðrum mikilvægum upplýsingum utan fasts vinnutíma er varða starfið.

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	66.644	68.976	71.390	73.889
Eftir 1 árs starf	70.052	72.504	75.041	77.668
Eftir 3. ára starf	75.005	77.630	80.347	83.159
Eftir 5 ára starf	95.978	99.337	102.814	106.413

2. Fastráðið starfsfólk

Fastráðið telst það starfsfólk sem ráðið hefur verið ótímabundið í þrjá mánuði samfellt og hefur lokið reynslutíma sínum.

Við fastráðningu fær starfsfólk greitt vegna setu á nýliðanámskeiði samkvæmt dagvinnutaxta.

3. Um vinnuvaktir

Á vaktir skal greiða álag á grunnlaun samkvæmt eftirfarandi:

Á laugardögum og sunnudögum, svo og á tímabilinu frá 00:00-08:00 daglega, 45% álag.

Á tímabilinu 17:00-00:00 mánudaga til föstudaga, 33% álag.

Álag á stórhátíðisdögum 90%.

Vaktir eru skipulagðar í samræmi við umfang starfseminnar á hverjum tíma og er stuðst við tímastjórnunarkerfi við skipulagningu vakta. Greitt er í samræmi við inn- og útstímlanir.

Vaktir skulu að lágmarki vera 4 klukkustundir. Vaktaskrá skal að jafnaði miðuð við 161,42 klst. í mánuði miðuð við 100% starfshlutfall og hlutfallslega fyrir hlutavinnufólk. Icelandair er heimilt í samráði við starfsfólk að breyta tímasettu upphafi vakta eða hluta þeirra með 30 daga fyrirvara. Vaktaskrár skal skipuleggja einn mánuð fram í tímann og skulu þær liggja fyrir viku fyrir gildistöku. Þær skulu hanga uppi á vinnustað starfsfólks eða kynntar á vefsíðu eða afhentar hverjum þeirra um sig.

Vinnutími starfsfólks skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. Fyrir hverja eyðu í vinnutíma (eyðu milli tveggja vakta saman dag) eru greiddar 4.615 kr. Hluti þóknunar er vegna skuldbindingar starfsfólks til að fylgjast með uppfærslu á ferlum og gæðaskjölum og koma upplýst til starfa á hverri vakt.

Greiðsla fyrir eyður tekur almennum launabreytingum á samningstímanum.

4. Vinnutími

Vikulegur vinnutími starfsfólks í fullu starfi skal að jafnaði vera 37,25 klst. miðuð við dagvinnu en heimilt er að lengja venjulegan vinnutíma í allt að 41,25 klst. Tímamismuninn 41,25/37,25 skal greiða með yfirvinnutímakaupi sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum.

Deilitala tímakaups er 161,42.

5. Yfirvinna

Sé unnið samfellt lengur en sem nemur 12 tíma vakt skv. vaktaskrá skal greiða yfirvinnutímakaup.

Ef umsjónarmaður vinnur yfirvinnu sem umsjónarmaður, leggst 15% stjórnendaálag ofan á hefðbundinn yfirvinnutaxta. Greiðslan er fyrir unninn tíma.

Þegar starfsfólk hefur unnið 30 mín. umfram reglulega 12 tíma vakt vegna flugraskana, skal greiða að lágmarki 2 klst. í yfirvinnu. Á sama hátt ef unnið lengur er 2 klst. eru greiddar 4 klst.

Þegar starfsfólk er hvatt til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu, skal greitt yfirvinnutímakaup fyrir a.m.k. 4 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan fjögurra klst.

Matar- og kaffitímar í yfirvinnu dragast ekki frá vinnutíma.

6. Vetrarleyfi

Fastráðið starfsfólk í fullu starfi skal fá fyrir vinnu á helgidögum skv. gr. 2.2.4. í aðalkjarasamningi verslunarfólks 89,4 klst. (átta 11,18 tíma vinnuvaktir) í vetrarleyfi miðað við árs starf. Heimilt er að greiðsla (12/30 af mánaðarlaunum) komi í stað umsaminna frídaga ef samkomulag næst um það við starfsmenn.

7. Úthlutun sumarorlofs og vetrarleyfis

Sumar- og vetrarleyfi skulu ákveðin einum mánuði áður en fyrsta frí hefst. Atvinnurekandi sér um niðurröðun orlofs í samráði við starfsmenn.

- 1) Um úthlutun sumarorlofs og vetrarleyfis fastráðins vaktavinnufólks:
 - a. Sumarorlofi og vetrarleyfi skal þannig úthlutað að það hefjist á fyrsta degi vaktasyrpu viðkomandi starfsfólks og ljúki að afloknum ofangreindum leyfum.
 - b. Nú fellur helgidagur Þjóðkirkjunnar inn í sumarorlof eða vetrarleyfi starfsfólks skv. ofansögðu og telst þá slíkur helgidagur innifalinn í leyfinu, sbr. a. lið.
 - c. Úttekt sumarorlofs skal fara fram á tímabilinu 2.5-30.9 og vetrarleyfis á tímabilinu 1.10-30.4 ár hvert að teknu tilliti til heimilda til frestunar orlofstöku.
 - d. Á hefðbundnum sumarorlofstíma er úthlutað 20 dögum af áunnu sumarorlofi. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils án álags.
- 2) Sumarorlof og vetrarleyfi hlutavinnufólks reiknast í hlutfalli við vinnuframlag.
- 3) Lausráðið starfsfólk, sem vinnur á vöktum skal í stað launaðs vetrarleyfis fá greitt helgidagakaup fyrir þá vinnu sem unnin er á helgidögum, sbr. gr. 2.2.4. í aðalkjarasamningi aðila.

8. Matar- og kaffihlé

Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfskrafts og næsta yfirmanns, þegar vel stendur á þannig að aðkallandi málum og þjónustu verði sinnt þeirra vegna. Á 12 klst. vakt er almennt miðað við 30 mínútna matarhlé og tvö kaffihlé. Starfsfólk greiði mat og kaffibrauð á innanfélagsverði. Fulltrúum starfsfólks skal heimilt að yfirfara verðlagningu.

9. Menntun og námskeið

Starfsfólk skal sækja og stunda þau námskeið er Icelandair telur ástæðu til að stofna til, til aukningar á menntun í þeirra starfi og ganga undir próf ef þess er óskað. Gildir þetta hvort sem námskeið er haldið héraðs eða erlendis.

Við námskeiðssetu innanlands skv. ofansögðu ber starfsfólki að fá greitt fullt fastakaup allan námskeiðstímann svo og vaktavinnuálag enda hafi viðkomandi unnið eftir föstu vaktavinnufyrirkomulagi þegar námskeiðssetan hófst. Þó skal ekki ætla námskeiðssetu í vaktahléum, nema gegn dagvinnukaupi skv. stimpilkorti og ekki í beinu framhaldi eða á undan vakt. Heimilt er starfsfólki að taka leyfi í stað greiðslu fyrir námskeiðssetu í vaktahléi, tíma á móti tíma. Tímasetning leyfis er þó háð samþykki atvinnurekanda hverju sinni.

Greiða skal að lágmarki 4 klst. í dagvinnu fyrir þau námskeið á vegum Icelandair Keflavíkurflugvelli sem starfsmönnum er skylt að sækja.

10. Einkennisfatnaður

Eigi síðar en að reynslutíma loknum mun Icelandair úthluta fastráðnu starfsfólki viðeigandi einkennisföt/vinnuföt samkvæmt reglum félagsins. Starfsfólk ber að fara eftir reglum Icelandair um notkun einkennisfatnaðar. Einkennisfatnaður/vinnufatnaður er eign Icelandair. Í stað skófatnaðar kemur til greiðsla 42.000 kr. miðað við fullt starf. Greiðslan tekur almennum launahækkunum á samningstímanum. Greiðsla skal eiga sér stað eigi síðar en 1. október og vera í hlutfalli við vinnu.

Endurnýjun einkennisfatnaðar/vinnufatnaðar fer eftir þörfum og reglum félagsins.

11. Ferðapeningar

Innifalið í föstum launum starfsfólks eru ferðapeningar sem áður voru greiddir sérstaklega.

12. Ferðagreiðslur vegna aukavakta

Þegar starfsfólk er kvatt á aukavakt sem er ekki beint á undan þeirra vakt eða í beinu framhaldi af þeirra vakt skal það fá sérstaka greiðslu, 2.920 kr. á vakt.

13. Starfsskyldur

- Störf starfsfólks í farþega- og hleðsluþjónustu eru fólgin í því að veita viðskiptavinum alla þá þjónustu sem nauðsynleg er, þar með talið farskráningar, til að flugrekstur og þjónusta gangi sem greiðast og best fyrir sig í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Jafnframt öðrum störfum í tengslum við farþega- og hleðsluþjónustu samkvæmt nánari fyrirmælum yfirmanna.
- Starfsfólki ber að vera tilbúið til starfa um leið og vakttími hefst.

14. Trúnaðarmál

Upplýsingar sem leynt eiga að fara en starfsfólk kann að komast að í starfi sínu eða vegna þess er starfsfólki með öllu óheimilt að láta öðrum í té nema nauðsyn krefji vegna reksturs flugvallarins.

Reykjavík 13. mars 2024

Bókun 1 (2024)

Á vinnumarkaði sem tekur örum breytingum er mikilvægt að færni til starfa sé sýnileg og staðfest. Störf félagsfólks í VR innan Icelandair eru fjölbreytt og breytileg. Eftir samþættingu á starfsemi Icelandair og Flugfélags Íslands er sömuleiðis þörf á að horfa til samræmingar á kjarasamningi. Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að fram fari hæfnigreining starfa samkvæmt samningi þessum.

Hæfnigreiningar eru gagnlegar fyrir starfsfólk og stuðla að samkeppnishæfni fyrirtækja, en í því felst ávinningur fyrir bæði starfsfólk og fyrirtæki. Í hæfnigreiningu felst að útbúa starfaprófíla fyrir framangreind störf í samráði við Fræðslumiðstöð

atvinnulífsins, þar sem hæfniviðmið starfa eru greind með hæfnigreiningu, matslistar þróaðir fyrir störfina og í kjölfarið er hæfni staðfest með útgáfu fagbréfa.

Með staðfestingu á hæfni er lagður grunnur að launasetningu út frá inntaki og eðli starfsins og hæfni starfsfólks óháð starfsheimum.

Þegar niðurstöður hæfnigreiningar liggur fyrir mun Icelandair rýna þær og horfa til samanburðarhópa meðal annars með tilliti til grunnlaunasetningar og samsetningu og forsendna reglubundinna launa.

Vinnu við hæfnigreiningu og endurskoðun innan fyrirtækis skal lokið eigi síðar en 30. nóvember 2025.

Bókun 2 (2024)

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að því að byggja upp góðan vinnustað meðal annars með reglulegri upplýsingagjöf og skapa vettvang fyrir samtal milli starfsfólks og stjórnenda.

Jafnframt eru aðilar sammála um að vinnufyrirkomulag verði endurskoðað í samráði við starfsfólk. Markmið þeirrar vinnu er að bæta starfsumhverfi starfsfólks og stjórnenda og mæta þannig ákalli um betra skipulag vinnutíma. Breytingunum er einnig ætlað að styðja við betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta betur vinnu og einkalíf ásamt því að bæta gæði þjónustu.

Til grundvallar þessari skoðun er mikilvægt að horfa til starfsemisgagna, álagstíma, verkefnastöðu og lengdar og samsetningu vakta með það að markmiði að auka samfellu í viðveru á vinnutíma eins og kostur er.

Vinna við endurskoðun skal hefjast eigi síðar en 31. maí 2024 og skal lokið fyrir 20. desember 2024.

Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir verkstjórn frá ríkissáttasemjara vegna endurskoðunar á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks sbr. bókun þessa.

Með þessu treysta aðilar á gott samstarf við að leysa þær áskoranir sem framundan eru.

Bókun 3 um uppfærslu (2024)

Aðilar eru sammála um að uppfæra kjarasamning miðað við breyttan vinnutíma, sem er í fullu starfi að jafnaði 37,25 klst. á viku í stað 38 klst. Vaktaskrá miðast þá að jafnaði við 161,42 í stað 164,67 klst. Deilitala tímakaups er 161,42. Einnig verður uppfærður fjöldi klst. í vetrarleyfi vegna vinnutímastyttingar í 89,4 klst.

Orðunum vinnuveitandi verður breytt í atvinnurekandi og starfsmenn í starfsfólk.

Bókun (2019)

Icelandair Keflavíkurflugvelli er tilbúið til að skoða uppsetningu kjara umsjónarmanna.

Bókun (1997)

VR(VS) gerir ekki athugasemd við að flugfreyjur starfi á hliðum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar skv. 4. gr. kjarasamnings Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða frá 26. apríl 1995.